

Hverfisráð Hlíða

Ár 2015, fimmtudaginn 10. desember var haldinn 125. fundur Hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð miðborgar og hlíðar og hófst kl. 17:00. Viðstödd voru Margrét Norðdahl, formaður, sem stýrði fundi, Hilmar Sigurðsson, Örn Þórðarson, Hrefna Guðmundsdóttir og Kristján Freyr Halldórsson. Áheyrnarfulltrúar frá Framsókn og Flugvallarvinum Jóhanna Halldórsdóttir, fulltrúar Ungmennaráðs miðborgar og hlíða Embla Indriðadóttir og Guðrún Jóhannesdóttir. Þá sat fundinn Magdalena Kjartansdóttir, deildarstjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíðar í fjarveru Sigprúðar Erlu Arnardóttur, framkvæmdastýru Þjónustumiðstöðvar miðborgar og hlíða og Sigríður Arndís Jóhannesdóttir, verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og samþykkt.
2. Kynning frá fundi Lögreglunnar um stöðu í Hlíðarhverfi.
3. Samantekt á skýrslu um hag barna í Hlíðum.
Frestað. Fulltrúar frá Rannsókn og greiningu kynna samantekt á fundi ráðsins í janúar.
4. Lækkun hámarkshraða á Miklubraut.
Framkvæmdastjóra ráðsins falið að senda eftirfarandi bókun frá Hverfisráði Hlíða til Umhverfis og skipulagsráðs, Lögreglunar á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar.

Bókun:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins situr hjá við bókun.

Hverfisráð Hlíða tekur eindregið undir ákvörðun Umhverfis og skipulagsráðs í lok nóvember um að lækka hámarkshraða á Miklubraut í Hlíðum frá Bústaðavegi og Snorrabraut að Kringlumýrabraut úr 60 kílómetra hraða á klukkustund í 50 kílómetra hraða á klukkustund. Íbúar Hlíðarhverfis hafa um árabil kallað eftir aðgerðum til þess að draga úr hljóð- og loftmengun á þessum kafla sem og auka öryggi vegfarenda. Hverfisráð Hlíða óskar eftir að Lögreglan og Vegagerðin samþykki lækkun hraða á þessum kafla og fari í aðgerðir svo fljótt sem auðið er. Samhliða lækkun hámarkshraða og fyrirhuguðum breytingum með tilkomu strætóreinar á kaflanum frá Snorrabraut að Lönguhlíð gefst jafnframt tækifæri til að breyta hönnun Miklubrautar í borgargötu (e. Boulevard) með tilheyrandi auknum lífsgæðum íbúa við og í nágrenni brautarinnar.

5. Erindi frá íbúa um að lengja í gönguljósum á gatnamótum Snorrabrautar og Egilsgötu.
Framkvæmdastjóra falið að senda eftirfarandi bókun til Umhverfis og skipulagssviðs ásamt erindi íbúans.

Bókun:

Hverfisráð Hlíða þakkar fyrir erindið og tekur undir áhyggjur íbúa í Hlíðum af tímalengd gönguljósa við Snorrabraut og Egilsgötu og bætir því við að það sama á við um gönguljós á gatnamótum Snorrabrautar og Flókagötu. Hverfisráðið óskar eftir því að lengt verði í gönguljósum á báðum gatnamótum. Græni kallinn logar þar í afar stuttan tíma og þó að möguleiki eigi að vera á að fara yfir götuna þrátt fyrir að rauði kallinn sé kominn þá er það ruglandi fyrir börn sem læra að stöðva þegar ljósið verður rautt. Með því að lengja í græna kallinum má auka öryggi barna og annarra vegfarenda sem þar fara yfir.

6. Erindi frá íbúa í Hlíðum varðandi það að Miklubraut verði borgargata á kaflanum milli Stakkahlíðar og Rauðarárstígs.

Hverfisráð Hlíða þakkar fyrir erindið og felur framkvæmdastjóra að senda það áfram til Umhverfis og skipulagsráðs og inn í auglýsingu um nýtt skipulag fyrir þennan hluta Miklubrautar.

7. Tillaga USK um deiliskipulag Stangarholti 3-11 lögð fram.

8. Umsögn um Miklubraut frá Rauðarárstíg að Lönguhlíð.

Ítrekuð er bókun fulltrúa Biartrar framtíðar og Samfylkingar í Hverfisráði Hlíða og framkvæmdastjóra falið að senda hana til USK:

Hverfisráð Hlíða leggur til við umhverfis- og skipulagsráð að hugað verði að því við breytingar á Miklubraut frá Lönguhlíð að Rauðarárstíg með nýrri Strætórein verði unnið að því að hönnun götunnar verði með beim hætti að hún taki á sig mynd borgargötu með fegurðargildi að leiðarlíosi (e. Boulevard). Lagt er til að fram fari hönnunarsamkeppni um lausnir á betri hlióðvist, bættum loftgæðum og öðru tilheyrandi sem stvðia við slíka götumynd. Samhliða slíkri breytingu verði aftur stefnt af því að levfður hraði á Miklubraut frá Kringlumýrabraut að Snorrabraut verði að hámarki 50 km/klst. Þannig er hægt að draga umtalsvert úr hávaða- og loftmengun sem er af hraðri umferð. Hverfisráð Hlíða leggur áherslu á að fyrirhugað deiliskipulag vegna nýrrar strætóreinar verði sérstaklega kynnt íbúum við Miklubraut. Hverfisráð Hlíða óskar sérstaklega eftir að tekið verði á vandamálum sem eru veruleg á kaflanum frá Lönguhlíð að Skaftahlíð. Þar hafa íbúar í árávís ýtt á aðgerðir til að tryggja öryggi sunnan megin og hlióðvist beggja vegu á beim kafla. Hverfisráðið skorar á umhverfis- og skipulagsráð að taka aftur til umfiöllunar fyrri hugmyndir um breikkun eyju við innstötu og lága hlióðveggi beggja vegu brautarinnar á þessum kafla. Hverfisráð Hlíða beinir því jafnframt til umhverfis- og skipulagsráðs að hraðað verði aðgerðum til að bæta hlióðvist í Hlíðum í samræmi við fyrirliggjandi aðgerðaráætlun sem samþykkt var 2014. Áhrif af miklum umferðarhávaða eins og er í nágrenni við stórar stofngötur eins og Kringlumýrabraut og Miklubraut eru þekkt og skerða lífsgæði íbúa verulega og takmarka möguleika þeirra til utanveru í gördum sínum og öðrum opnum svæðum nálægt þessum stofnbrautum. Bent er sérstaklega á að við Kringlumýrabraut er pláss fyrir hljóðvarnir sem sárlega vantar að koma upp sem allra fyrst.

9. Áframhaldandi kvöldopnanir á Kjarvalsstöðum.

Hverfisráð Hlíða felur framkvæmdastjóra að senda fyrirspurn til menningar- og ferðamálaráðs um hvort áframhald verði á kvöldopnunum á Kjarvalsstöðum.

10. Styrkumsókn frá foreldrafélögum Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla. Styrkumsóknin varðar samstarfsverkefni milli foreldrafélaga þriggja grunnskóla í Miðborg og Hlíðum; Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla, vegna fræðslu á unglingsstigi. Fræðslan lýtur að mikilvægi jákvæðra samskipta, liðsefningar og samvinnu á milli skólana þriggja, eflingu hverfisvitundar og tengingu við sameiginlegan vettvang nemenda og foreldra.

Hverfisráð Hlíða samþykkir að veita styrk til verkefnisins að upphæð 300.000 kr. og felur framkvæmdastjóra að svara umsókninni og útfæra fræðsluna í samráði við umsækjendur.

11. Farið yfir upplýsingar um umferð á svæðinu frá Rauðarárstíg að Stakkahlíð. Tölulegum gögnum um umferðarmagn, umferðarflæði og ökuhraða. Sömuleiðis um loftgæða- og hávaðamælingar.

12. Önnur mál.

Farið yfir minnisblað frá SFS varðandi húsnæðisvanda Félagsmiðstöðvarinnar Gleðibankans í Hlíðaskóla. Um leið og við þökkum fyrir upplýsingarnar hvetjum við til þess að málinu verði flýtt og Gleðibankanum verði fundið framtíðar húsnæði sem fyrst.

Næsti fundur 14. janúar 2015.

Fundi slitið kl. 19:00

Hilmar Sigurðsson
Örn Þórðarson

Margrét M. Norðdahl

Hrefna Guðmundsdóttir
Kristján Freyr Halldórsson